

Mál er að linni!

Undanfarna áratugi hefur umræða risið með reglulegu millibili í samfélaginu um hvort lyfjafyrirtæki komi upplýsingum á framfæri við lækna á eðlilegan hátt. Spurt er hvort samskipti lækna og lyfjafyrirtækja séu þannig að þau valdi trúnaðarbresti milli lækna og sjúklinga annars vegar og á milli lækna og heilbrigðisyfirvalda hins vegar. Því hefur verið haldið fram, að fræðsla, sem læknaar njóta hjá lyfjafyrirtækjum, kunni að leiða til ótraustari ákvarðana um lyfjávísanir og að risna, sem læknaar fá í tengslum við þessa fræðslu, geri þá vilhalla framleiðslu þeirra lyfjafyrirtækja, sem í hlut eiga (1). Framkvæmdastjórn Landspítala hefur sett læknum spítalans reglur um samskipti við lyfjafyrirtæki og nefnd á vegum heilbrigðis- og tryggingaráðherra með þátttöku fulltrúa Læknafélags Íslands, skilaði honum nýlega áfangaskýrslu, þar sem fjallað er um aukið aðhald að þessu leyti.

Siðareglur lækna, codex ethicus, fjalla með almennum orðum um þennan siðferðisvanda en veita ekki sértæka leiðbeiningu. Læknaar hafa því rætt þessi mál sérstaklega og frá ýmsum hliðum og sett sér siðareglur hvað varðar samskipti við lyfjafyrirtæki, fyrst 1987 eða eins og greint er ítarlega frá í Læknablaðinu (2). Í gildi eru einnig leiðbeiningar stjórnar Læknafélags Íslands um samskipti lækna við framleiðendur og söluaðila lyfja og lyfjafyrirtækja frá 1993 (3) og samningur Læknafélags Íslands og Samtaka verslunarinnar (4) um sama efni frá árinu 2000.

Það liggur fyrir, að framleiðendur og dreifingaraðilar lyfja leggja verulegt fé til fræðslu lækna og þar með sámenntunar þeirra. Er þá ekki átt við beinar auglýsingar, sem birtast læknum í fræðiritum eða á annan hátt, heldur heimsóknir lyfjakynna til lækna, fræðslufundi á vegum lyfjafyrirtækjanna og beina og óbeina styrki til fræðslustarfs á vegum lækna og samtaka þeirra. Þá er stuðningur mikilvægur við þekkingarleit lækna erlendis og þátttöku í vísindastarfi, ýmist skipulögðu af lyfjafyrirtækjunum eða utan þeirra. Því verður ekki neitað, að allir þessir þættir hafa umtalsverða þýðingu fyrir lækna og heilbrigðisþjónustuna en bjóða jafnframt þeirri hættu heim, sem vikið er að í inngangi þessa pistils og varðar hugsanlega hagsmunaárekstra.

Þeirri skoðun hefur verið á loft haldið, að enginn munur sé á penna og utanlandsferð eða lyklakippu

og kvöldverði. Þessi samanburður er fjarri öllu lagi. Siðferðisleg úrlausnarefni verður að skoða í samhengi við þá menningu, sem þau eru runnin úr. Þau eru með öðrum orðum afstæð. Trúarleg viðfangsefni hafa algild og endanleg svör; siðferðislegar spurningar hafa það ekki. Ef mörg hundruð manna kvöldverðarboð heimilislækna á vegum Astra, samskonar teiti á vegum Delta fyrir vísindaping lyflækna eða utanlandsferðir á auglýsingafundi um lyf á vegum Glaxo-SmithKlein stinga í augu almennings fyrir utan að vera þýðingarlaust framtak fyrir menntun lækna, þá verða læknaar að taka tillit til þeirra sjónarmiða. Mikil áhersla er lögð á trúnaðarsamband lækna og sjúklings og gera læknaar sér skýra grein fyrir þýðingu þess. Þess heldur ætti læknaastéttin að rækta trúnaðarsamband sitt við almenning í landinu og láta ekki einskis nýta hluti eins og risnu lyfjafyrirtækja valda trúnaðarbresti milli sín og almennings að nauðsynjalsu.

Ég tel, að læknaar ættu nú þegar að rjúfa þessi tengsl risnu og fræðslu, sem eru að mínu mati í senn auðmýkjandi og andlega heilsuspillandi. Mál er að linni.

Í annan stað tel ég að stefna beri að sólarlagi fræðslustarfs lyfjaframleiðenda fyrir lækna. Það er þó ekki einfalt fyrirtæki og verður ekki hrundið í framkvæmd nema með þátttöku eða öllu heldur stuðningi heilbrigðisyfirvalda. Læknaar munu eiga erfitt með að setta sig við samdrátt í fræðslustarfi og sámenntun nema eitthvað komi í staðinn. Afla þarf skilnings þeirra meðal annars með framtaki við endurmenntun þeirra á annan hátt. Lyfjareikningur landsmanna er vel á annan tug milljarða. Verði til dæmis 0,1% þeirrar upphæðar varið til sameiginlegrar endurmenntunar lækna, gætu áhugamenn um heppilegri samskipti lækna og lyfjafyrirtækja átt von um betri tíð með blóm í haga.

Heimildir

1. Jóhannsson M. Læknaar og lyf. Læknablaðið 2002; 88: 275
2. Sveinsson S. Samskipti lækna og lyfjafyrirtækja (ritstjórnargrein). Læknablaðið 2001; 87: 967-8.
3. Pétursson P. Af siðamálum og siðferði. Læknablaðið/Frétta-bréf lækna 1993; 11: 14-5.
4. Samskipti lækna og lyfjafyrirtækja. Samningur milli Læknafélags Íslands og Samtaka verslunarinnar. Læknablaðið 2000; 86: 794.



Sigurbjörn Sveinsson

Höfundur er heimilislæknir.